

Eftirfylgd með konum sem greinst hafa með heilsuvanda á meðgöngu

ÞÍH hefur gert tillögu að leiðbeiningum fyrir fagfólk varðandi eftirfylgd eftir fæðingu hjá konum sem greinst hafa með ákveðna sjúkdóma á meðgöngu. Lögð er áhersla á fyrirkomulag sem tryggir sem besta eftirfylgni með framtíðarheilsu konunnar í huga. Leiðbeiningarnar byggja á teymisvinnu og falla að núverandi vinnulagi.

Markmið með tillögum ÞÍH er að bæta skipulag þjónustu heilsugæslunnar við konur með heilsuvanda á meðgöngu og hvetja til að slík þjónusta verði í boði á öllum heilsugæslustöðvum.

Heilsufarsvandamál á meðgöngu sem þarfnast eftirfylgdar	Hjúkrunarfræðingur í ung- og smábarnavernd	Heimilislæknir <3 mán
Blóðleysi		Viðtal
Háþrýstingur	Mæla blóðþrýsting	Viðtal
Offita/þyngdaraukning		Viðtal
Preeclampsia	Mæla blóðþrýsting	Viðtal
Reykingar og önnur fíkn	Skv. leiðbeiningum	
Skjaldkirtilssjúkdómur		Viðtal
Sykursýki		Viðtal
Þunglyndi og kvíði	Skv. leiðbeiningum	
Aðrir sjúkdómar/lyf		Viðtal

Ljós móðir í mæðravernd

- Fylgir eftir sjúkdómum á meðgöngu, oft í samvinnu við aðra fagaðila, s.s. heimilislækna, sérgreinalækna, sálfræðinga
- Býður konunni tíma hjá heimilislækni í síðasta lagi 3 mánuðum eftir fæðingu sbr. lista að ofan)

Hjúkrunafræðingur í ung- og smábarnavernd

- Hittir konuna þegar barnið er 9 vikna
- Leggur mat á andlega líðan konunnar
- Ræðir um sjúkdóma á meðgöngu
- Blóðþrýstingur mældur hafi hann verið hár
- Athugað hvort eftirlit er skipulagt. Hafi það misfarist býður hjúkrunarfræðingur viðtal hjá heimilislækni í síðasta lagi 3 mánuðum eftir fæðingu

Heimilislæknir

- Hittir konuna í síðasta lagi 3 mánuðum eftir fæðingu
- Skipuleggur viðeigandi eftirfylgd og/eða þverfagleg úrræði s.s. heilsuefandi móttöku, sálfræðihjálp, hreyfiseðil, blóðrannsóknir eftir því sem við á